



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/836
komudagur 3.12.2012

Reykjavík, 03.12. desember

Efni: Þingsályktunartillaga um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi, 249. mál.

Samtök atvinnulífsins telja að jöfnun árstíðasveiflu og betri dreifing ferðamanna um landið séu mikilvæg verkefni í íslenski ferðaþjónustu. Til þess þarf að auka rannsóknir og vöruþróun auk þess sem tryggja þarf samstarf stjórnvalda og fyrirtækja til langtíma í markaðsmálum. Besta leið stjórnvalda til að styðja við nýsköpun og vöruþróun í atvinnulífinu er að efla samkeppnissjóði eins og Tækniþróunarsjóð. Þar má leggja sérstaka áherslu á verkefni sem tengjast ferðaþjónustu.

Stjórnvöld og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa tekið höndum saman um verkefnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ og lagt til þess verulegt fé. Mikilvægt er tengja verkefni, sem þessari tillögu gætu fylgt, öðrum verkefnum á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri.